

FUNDAGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

128. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 3. desember 2014 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Sigurvaldason, Matthildur Hjálmarsdóttir. Þórarinn Óli Ragnarsson boðaði forföll

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Formaður setti fund.

Dagskrá:

1. Guðmundur Sigurðsson frá vegagerðinni kemur á fundinn
2. Ingvar Jóhannsson búfjárefirlitsmaður Húnaþings vestra gefur yfirlit yfir störf sín á árinu.
3. Vetrarveiði á ref
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Guðmundur Sigurðsson frá vegagerðinni kemur á fundinn. Nefndarmenn lýsa áhyggjum sínum af að fjármagn frá ríkinu til viðhalds styrkvega dugi. Fjármagn til viðhalds styrkvega er misskipt þar sem sama hámark, 2 milljónir, er fyrir hvert sveitarfélag án tillits til fjölda kílómetra af styrkvegum sem viðhalda þarf. Kerfill er mikill og farin að breiða úr sér meðfram vegum og leita inná tún bænda en bannað er að nota eitur vegna umhverfissjónarmiða.
2. Ingvar Jóhannsson búfjárefirlitsmaður Húnaþings vestra gefur yfirlit yfir störf sín á árinu. Nokkuð er um sauðfé og hross á vegum. Í einhverjum tilfellum hefur viðhaldi girðinga verið ábótavant en einnig hefur gleymst að loka hliðum. Gera þarf átak í að bændur örmerki hrossin. Rætt um hvernig ber að taka á útköllum þegar lesa þarf örmerki.
Nefndarmenn sammála um að minna þurfi á starf Ingvars. Sveitarstjóra falið að auglýsin Ingvar og í hverju starf hans er fólgið, næsta vor. Sveitarstjóra einnig falið að koma dagsettu yfirlit yfir búfjárefirlit 2014 sem Ingvar lagði fram á fundinum til Guðmundar Sigurðssonar frá vegagerðinni og ítreka þörf á viðhaldi girðinga vegna lausagöngubanns á þjóðvegi 1.
Rætt um hver réttarstaða bænda og búfjáreigenda er þar sem lausaganga er bönnuð á þjóðvegi 1.
3. Vetrarveiði á ref. Rætt um hvað skuli greitt fyrir hvern ref þannig að raunverulegur árangur náist. Einnig rætt um að svæðaskipta veiðinni.
Ákveðið að greitt verði 8.000 kr. fyrir hvern ref og að svæðin verði 6 (Vatnsnes, Vesturhóp, Miðfjörður, Víðidalur og Hrutafjörður austan og Hrutaförður vestan). Greitt verður að hámarki fyrir 17 dýr á hverju svæði.
Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að auglýsa eftir umsóknum frá aðilum sem ætla að stunda vetrarveiði á ref.
4. Önnur mál.

a. Rætt um hundahreinsun

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóhann Ragnarsson

Sigríður Ólafsdóttir

Matthildur Hjálmarsdóttir

Fundi slitið kl. 14:39.

Sigtryggur Sigurvaldason

Guðný Hrund Karlsdóttir